

4. BEKKJARVERKEFNI UM LÝÐRÆÐI

BARNA MENNINGAR HÁTÍÐ

Í REYKJAVÍK
18. - 23. APRÍL 2023



Reykjavík

UMRÆÐUR



Almennar umræður um lýðræði í víðu samhengi:


Kennari leiðir umræður í bekknum um lýðræði.


Spyrja spurninga eins og:

- Hvað er lýðræði?
- Tökum við þátt í lýðræði í okkar daglega lífi?
- Hvaða ákvarðanir tek ég alveg sjálf/ur/t fyrir mig?
- En aðra í kringum mig?
- En fyrir samfélagið allt?


Svo má leiða umræðurnar út í skoðanir okkar og gildi. Til þess að taka ákvarðanir þarf að mynda sér skoðun. Við vegum og metum út frá okkur, fólkinu í kringum okkur og samfélaginu öllu hvað okkur þykir best hverju sinni en það felur líka í sér ábyrgð og mikilvægi þess að setja sig í spor annarra.

Kennari tekur saman punkta úr umræðum og sendir okkur.






HUGARKORT



Hugarflug og börnin mynda sér skoðanir svara þessum þremur spurningum:


- Hvað vil ég fyrir mig?
- Hvað vil ég fyrir aðra?
- Hvað vil ég fyrir samfélagið/heiminn?

Hægt er að vinna þrískipt hugarkort með þeim og skrifa niður eða taka myndir af svörunum og senda á okkur.




SKOÐANASKIPTI


Lýðræðisleg ákvörðun í bekknum:



1. Finnst ykkur að krakkar ættu að fá að kjósa?
Af hverju?
2. Hvaða gildi finnst ykkur mikilvægust fyrir gott samfélag?

Kennari leiðir þau áfram og hjálpar bekknum að velja saman þrjú svör við báðum spurningum og senda okkur í pósti.






BRÉF TIL BORGARSTJÓRNAR

Börnin skrifa bréf til borgarstjórnar um hverju þau vilja breyta.

1. Valkvætt er fyrir barnið hvort það vilji senda bréfið og má skrifa undir með fyrsta nafni, dulnefni eða bara skrifa aldur.
2. Kennari býr til rými fyrir þau til að skrifa bréf til borgarstjórnar (bréfsefni til útprintunar).
3. Svo safnar kennari bréfunum saman og er hægt að skanna þau inn og senda okkur eða óska eftir því að verkefnastjóri Barnamenningar sæki þau til ykkar.
4. Þegar öll bréf hafa borist verkefnastjóra Barnamenningar munu fulltrúar Krakkaveldis taka við bréfunum og afhenda fulltrúa borgarstjórnar í Ráðhúsinu. Með þessu fá börn 4. bekkjar tækifæri að koma skoðunum sínum, gildum og sjónarhorni til borgarinnar.

Meðfylgjandi er bréfsefni sem má nota.



ÍTAREFNI

Mælum með að skoða efni á heimasíðu menntastefnunnar.

En hér að neðan er að finna hlekki á allskonar gott efni.

- Litli-Kompás - handbók um mannréttindamenntun
- Að efla lýðræði í frjálsum leik
- Heimsins mikilvægasta kvöld- Réttindaskólar UNICEF
- Barnalýðræði í Brosbæ.
- Lýðræði og mannréttindi - rit um grunnþætti menntunar
- Leiðbeiningar og viðmið um val á fulltrúum í stjórn nemendafélags grunnskóla og félagsmiðstöðvarráð
- Leiðbeiningar og viðmið um val á fulltrúum nemenda í skólaráð grunnskóla

